



## FUNDARBOÐ

**515. fundur sveitarstjórnar Skaftárhrepps**  
verður haldinn í fundaraðstöðu sveitarfélagsins, Klausturvegi 4  
þriðjudaginn 28. janúar 2025, kl. 09:00.

### Dagskrá:

#### Mál til kynningar:

**1. Íslenskar Orkurannsóknir (ÍSOR) - 2501018**

Lögð fram skýrsla frá ÍSOR, dagsett í janúar 2025 vegna jarðhita og jarðhitaleitar í Skaftárhreppi. Í skýrslunni er gerð er grein fyrir þekktum jarðhitastöðum í Skaftárhreppi og borholum þar sem til eru hitamælingar. Einnig fjallað um efnasamsetningu þeirra fáu sýna af jarðhitavatni sem til eru úr hreppnum. Jafnframt eru niðurstöður og næstu skref.

**2. Minjastofnun Íslands - 2501009**

Lagt fram bréf frá Minjastofnun Íslands, dagsett, 18. desember 2024, ásamt greinargerð og tillögum um framtíðarsýn Núpsstaðar.

**3. EP Power Minerals Iceland ehf. - 2501002**

Lagt fram minnisblað, dagsett, 16. janúar 2025, frá EP Power Minerals ehf., vegna fyrirhugaða framkvæmda fyrirtækisins í Skaftárhreppi.

**4. Rangárþing eystra - 2501004**

Lagt fram bréf frá Rangárþingi eystra, dagsett, 17. desember 2024. Er bréfið svarbréf vegna erindis Mýrdalshrepps og Skaftárhrepps um jörðina Ytri-Skóga dagsett 6. nóvember 2024.

**5. VSÓ ráðgjöf - 2501005**

Lögð fram skýrsla frá VSÓ Ráðgjöf, dagsett, 20. desember 2024, um ástandsmats framkvæmda á Klausturvegi 4.

**6. VSÓ ráðgjöf - 2501006**

Lagt fram minnisblað, dagsett, 20. desember 2024 frá VSÓ Ráðgjöf um niðurstöður landmælinga á Stjórnarsandi urðunarstað.

### Fundargerðir:

**7. Almennavarnarnefnd Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu - 2501003**

Lögð fram fundargerð 5. fundar Almennavarnarnefndar Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu frá 16. desember 2024.



**8. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands - 2501007**

Lögð fram fundargerð 240. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands frá 3. desember 2024.

**9. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands - 2501008**

Lögð fram fundargerð 241. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands frá 14. janúar 2025.

**10. Hula bs. - 2501010**

Lögð fram fundargerð 3. fundar stjórnar Hulu bs. frá 29. nóvember 2024.

**11. Hjúkrunar- og dvalarheimilið Klausturhólar - 2501017**

Lögð fram fundargerð 2. fundar stjórnar Hjúkrunar- og dvalarheimilisins Klausturhóla frá 11. desember 2024.

**12. Bergrisinn bs. - 2501019**

Lögð fram fundargerð 80. fundar Bergrisans bs. frá 13. janúar 2025.

**Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu:**

**13. Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið - 2501011**

Lagt fram bréf, dagsett, 19. desember 2024 frá Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti. Þar er óskað eftir tilnefningu eða staðfestingu á núverandi fulltrúum Skaftárhrepps í svæðisráði vestursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs.

**14. Rangárþing eystra - 2501012**

Lagt fram bréf frá Rangárþingi eystra, dagsett, 13. desember 2024. Þar sem óskað er eftir álitum sveitarfélagsins vegna framkvæmda við plægingar á jörðinni Ytri-Skógum.

**15. Rangárþing eystra - 2501013**

Lagt fram bréf frá Rangárþingi eystra, dagsett 6. janúar 2025. Þar er óskað eftir athugasemdum og/eða umsögn vegna breytinga á deiliskipulagi jarðarinnar Ytri-Skóga.

**16. Sýslumaðurinn á Suðurlandi - 2501014**

Lagt fram bréf frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsett, 6. janúar 2025, vegna umsagnarbeiðni um tækifærisleyfi til handa þorablóttinu á Kirkjubæjarklaustri.



**17. Sýslumaðurinn á Suðurlandi - 2501015**

Lagt fram bréf frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsett, 6. janúar 2025, vegna umsagnarbeiðni um tækifærisleyfi til handa Hótel Laka vegna áfengissölu á þorrablótinu á Kirkjubæjarklaustri.

**18. Sýslumaðurinn á Suðurlandi - 2501016**

Lagt fram bréf frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsett, 10. janúar 2025, vegna umsagnarbeiðni um tækifærisleyfi til handa þorrablótinu í Tunguseli.